

Nd.

214. Frumvarp til laga

[100. mál]

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

1. málsg. 37. gr. laganna orðist svo:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti: 1. Í guðfræðideild 4, 2. í læknadeild 13, 3. í lagadeild 5, 4. í viðskiptadeild 3, 5. í heimspekideild 12, og er eitt þeirra embætti forstöðumanns Handritastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 36, 18. apríl 1962, 6. gr., 6. í verkfræðideild 5.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 51, 11. júní 1960, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands, 1. gr., lög nr. 51, 27. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 51, 11. júní 1960, um breyting á lögum nr. 60, 7. júní 1957, um Háskóla Íslands, og lög nr. 72, 31. des. 1964, um breyting á lögum nr. 51/1962, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er samið af Háskóla Íslands að tilhlutan menntamálaráðuneytisins í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um efling Háskólans á næstu 10 árum. Fylgdi því svofelld greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt að beiðni háskólaráðs. Er það efni frumvarpsins, að lögfest verði þrjú ný prófessorsembætti í heimspekideild, þ. e. í ensku, í almennri sagnfræði og í Norðurlandamálum, einkum dönsku, og eitt prófessorsembætti í lagadeild, í réttarsögu. Rétt þótti að orða ákvæði 37. gr. 1. málsg. laga nr. 60/1957, um Háskóla Íslands, um í heild sinni, og eru þá felld úr gildi þau lög, sem áður hafa þreytt því ákvæði, þ. e. lög nr. 51/1960, 1. gr., l. nr. 51/1962 og l. nr. 72/1964. Lögfesting embættanna fer að formi til fram eins og undanfarin ár, þ. e. með því að tölu prófessorsembætta samkv. 37. gr. laga nr. 60/1957 er breytt til samræmis við þann fjölda embætta, sem hvert einstakt frumvarp gerir ráð fyrir, að lögfest verði, en síðan kemur það fram í greinargerð, í hvaða grein innan háskóladeildar prófessorsembætti lúti að.

Á árinu 1964 gekk háskólaráð til fullnaðar frá áætlunum um fjölgun prófessorsembætta við Háskólann næsta áratuginn. Er sú áætlun ásamt greinargerð Háskólans birt sem fylgiskjal hér á eftir. Fyrsta embættið samkv. þessari áætlun hefur þegar verið lögfest, prófessorsembættið í lífefnafræði, sbr. lög nr. 72/1964, og hefur það embætti verið veitt. Þau fjögur prófessorsembætti, sem frumvarp þetta fjallar um, skyldi stofna á árunum 1964–1966 samkvæmt áætluninni. Hefir ríkisstjórnin lýst því yfir, að hún muni beita sér fyrir, að embættin verði lögfest samkvæmt áætlun Háskólans, og er hér um veigamikinn stuðning við Háskólann að ræða. Vakin er athygli á, að í áætlun Háskólans er gerður sá fyrirvari, að hún nái ekki til prófessorsembætta í nýjum kennslugreinum, sem upp kynnu að verða teknar, og ekki til verkfræðideildar né viðskiptadeildar, og hún tekur aðeins til prófessorsembætta, en ekki til annarra kennslustarfa, svo sem dósentar, lektora o. fl.

Um nauðsynina á hverju einstöku embætti vísast til sérgreinargerðar Háskólans um hvert einstakt embætti um sig. Á það skal bent, að prófessorsembættin í heimspekideild standa fyrst og fremst í tengslum við nýskipan kennslu B.A.-prófa og í íslenskum fræðum, og er vafalaust, að ekki er unnt að hrinda hinni nýju kennsluskipan í framkvæmd, nema embætti þessi verði stofnuð. Um stofnun emb-

ættis í réttarsögu hefir lengi verið rætt, og er það hafið yfir allan vafa, hve brýn þörf er á prófessorsembætti í þeirri mikilvægu grein.

Greinargerð um stofnun prófessorsembættis í ensku við Háskóla Íslands.

Í 10 ára áætlun um fjölgun prófessorsembættanna við Háskólann er gert ráð fyrir, að prófessorsembætti í ensku sé meðal þeirra þriggja embættanna, sem til sé stofnað á fyrsta ári hennar, 1964. Þegar skal á það bent, að á árinu 1962 var sett fram til-laga um það af hálfu Háskólans, að slíkt embætti yrði lögfest, sbr. bréf Háskólans til menntamálaráðherra frá 26. marz 1962.

Stofnun prófessorsembættis í ensku styðst við margvísleg rök. Má þar fyrst geta þess, að enska er nú orðið höfuðtungumálið af þeim erlendu tungumálum, sem kennd eru í íslenskum skólum. Þarf því að leggja sérstaklega mikla rækt við kennslu þess hér í Háskólanum, en hingað sækir mikill fjöldi enskukennara há-skólamenntun sína. Afleiðing þess, hve enskan skipar mikið rúm í hinu almenna skólakerfi, er að sínu leyti sú, að ensku sem aðalgrein eða aukagrein taka fleiri stúdentar en aðrar greinir til B.A.-prófa. Við árslok 1961 höfðu samtals verið tekin 97 stig í ensku í þessum prófum, en næst kom mannkynssaga með 46 stig og þá danska með 38 stig.

Kennarar í ensku eru einn dósent, einn sendikennari frá British Council og einn gistiprófessor í bandarískum bókmenntum. Þetta kennaralið er alltof fámennt til að geta annað kennslunni, svo að vel sé, og er raunar þess að geta, að engin trygging er fyrir því, að við njótum hinna erlendu sendikennara til frambúðar. Er mikil nauðsyn á því, að forstöðumaður enskukennslunnar sé prófessor, er skipu-lagt geti starfseminna. Í engri kennslugrein nýtur Háskólinn jafnöflugar aðstoðar erlendis frá sem í ensku, og má það þykja tómlæti af íslenskri hálfu, að ekki skuli hafa verið stofnað til prófessorsembættis í þessari mikilvægu grein fyrir löngu.

Endurskoðun á kennslufyrirkomulagi til B.A.-prófa er nú lokið. Eru allir þeir, sem um það mál hafa fjallað, sammála um, að endurbótum, er dugi, verði ekki komið á, nema prófessorsembætti verði lögfest í höfuðkennslugreinum. Hér bindur hvað annað, endurbætur á náminu og lögfesting prófessorsembættanna. Er þess hér með farið á leit, að prófessorsembættið í ensku verði það fyrsta þessara embættanna, er lögfest verður. Tekið skal fram, að byggt er á því, að fjárveiting til dósentstarfs í ensku haldist þrátt fyrir lögfestingu prófessorsembættisins.

Í lok þessarar greinargerðar skulu tekin upp nokkur atriði úr samþykkt heim-spekideildar frá 13. júní 1965, þar sem áréttuð voru tilmæli um stofnun prófessors-embættanna í ensku, almennri sagnfræði og Norðurlandamálum. Þar segir m. a.:

„... Lög verði sett um þessi embætti á þingi því, sem nú situr, en síðan skipað í embættin eftir því, sem vöð verður hæfra manna, án tillits til þess, í hvaða röð það verður. Ekki skal þó hið síðasta af þessum embættum veitt fyrr en frá 1. sept. 1967, nema til komi ákvörðun menntamálaráðherra þar að lútandi.

Heimilt er að skipa erlenda menn í þessi embætti.

Nú hefur ekki tekizt að fá hæfan mann í neitt þessara þriggja embættanna hinn 1. sept. 1966, og skal þá, að fengnum tillögum heimspekideildar, ráðstafa því fé, sem ætlað er til launagreiðslna í tveimur embættanna, í allt að þrjú ár til að styrkja efnilega umsækjendur til framhaldsnáms í því skyni, að þeir öðlist hæfni til að taka við embættum að námi loknu. Að styrktímabili loknu verði embættin auglýst til umsóknar á nýjan leik. Hafi eitt embættið verið veitt hinn 1. sept. 1966, en hæfir menn ekki fengizt í hin tvö, skal á sama hátt ráðstafað fé því, sem ætlað er til launagreiðslna í öðru þessara tveggja embættanna, í sama skyni. Loks skal hinn 1. sept. 1967 fara á sama hátt, að því er varðar þriðja embættið, hafi ekki fengizt hæfur maður til að gegna því þá. . .“

Greinargerð um stofnun prófessorsembættis í almennri sagnfræði við Háskóla Íslands.

Í 10 ára áætlun um fjölgun prófessorsembættis við Háskólann er gert ráð fyrir, að ofangreint prófessorsembætti verði stofnað á árinu 1965. Bent skal á, að óskað var eftir lögfestingu slíks embættis af Háskólans hendi með bréfi til menntamálaráðherra 26. marz 1962.

Sagnfræði er meðal fjölsóttustu námsgreina til B.A.-prófa, og auk þess er sagnfræði kennd til kandidateis- og meistaraþrófs. Að undanfögnu hefir annazt kennsluna aukakennari á stundakennslulaunum. Hefir hann unnið ágætt og mikilsvert starf, en þessi tilhögun er allsendis ófullnægjandi. Ber brýna þörf til þess, að prófessorsembætti verði stofnað í þessari mikilsverðu grein. Er talinn hörgull á hæfum kennurum í sagnfræði í skólum landsins, og með nýrri reglugerð er að því stefnt að efla kennaramenntunina við Háskólann og efla hana, þ. á m. á sagnfræðisviðinu. Því takmarki verður hins vegar ekki náð, nema með því að setja á stofn prófessorsembætti í nokkrum höfuðgreinum þessa náms.

Um almennan fyrirvara af Háskólans hendi um þetta embætti vísast til loka greinargerðar um prófessorsembætti í ensku.

Greinargerð um stofnun prófessorsembættis í réttarsögu.

Lagadeild Háskólans var allra deilda prófessoraflest, þegar Háskólinn hóf starfsemi sína. Þar voru þá þrjú prófessorar, en tveir við hverja hinna. Þetta hlutfall hefur breytt lagadeild mjög í óhag, og er nú svo komið, að deildin er meðal þeirra deilda, er fæsta hafa prófessora. Þó eru fleiri kandidateitar brautskráðir frá þeirri deild en nokkurri annari, að undanskilinni læknadeild, sem komst upp fyrir lagadeild í þessu efni fyrir tveimur árum síðan. Jafnframt er aðeins einn lektor við deildina, og er þá kennaralið í heild svo fámennt, að undrum sætir.

Um nauðsyn á prófessorsembætti í réttarsögu hefir lengi verið rætt, og raunar hefir það borið á góma í umræðum á Alþingi. Íslensk réttarsaga er óþlæggur akur. Þar er feikilega mikið verk óunnið. Ágætir fræðimenn íslenskir og erlendir hafa fjallað um einstök verkefni þeirrar greinar, en allsherjarrannsóknir skortir mjög. Á það við um öll skeið íslenskrar réttarsögu, ekki síður síðari aldir en hinar fyrri. Hér blasir risavaxið verkefni við og sýnist vonlaust að vinna það, nema í þessari grein sé stofnað rannsóknarembætti, og geti sá, er í það velst, helgað sig sem mest rannsóknum. Að sjálfsögðu myndi hann kenna réttarsögu, og í upphafi, meðan kennaralið lagadeildar er svo fámennt sem raun ber vitni, er nauðsynlegt að hann kenni nokkuð til viðbótar réttarsögu. Um það efni mun lagadeild setja reglur í samráði við háskólaráð.

Benda má á, að tvö prófessorsembætti eru í íslenskri sagnfræði og hafa verið það um alllangt árabíl (annað embættið er upphaflega dósentsembætti). Er nú svo komið, að víða er skarð fyrir skildi í almennri íslenskri sagnfræði sakir skorts á rannsóknum í íslenskri réttarsögu. Er það mjög miður, þar sem íslensk réttarsaga er mjög mikilvægt rannsóknarefni. Íslensk lög þjóðveldisaldar eru að sínu leyti jaíndýrmætur fjársjóður sem fornbókmenntirnar, og eru þau meðal helztu andlegra stórvirkja norrænna manna, og ýmsir telja það lagaverk sambærilegt við rómverska réttarskipan. Það er brýn menningarleg skylda Íslendinga að búa fræðimönnum rannsóknaraðstöðu í réttarsögu, og verður það meðal helztu verkefna prófessors í réttarsögu auk almennra rannsókna að hlutast til um að kynna lögskipan þjóðveldisaldar fyrir erlendum fræðimönnum og að fást við útgáfur á lögum þjóðveldisaldar á erlendum málum. Það er t. d. ekki vansalaust, að enn skuli Grágás ekki hafa verið gefin út á ensku.

Háskólaráð hefir sýnt mikinn skilning á nauðsyn á prófessorsembætti í réttarsögu með því að skipa þessu embætti í röð hinna fyrstu embætta, er það óskar nú lögfestingar á.

Svo sem greint er hér að framan, verður réttarsaga aðalkennslugrein hins nýja prófessors, en um aðrar kennslugreindir hans verður ákveðið síðar. Um þetta prófessorsembætti á að mestu leyti við sá fyrirvari, sem gerður er í greinargerð um prófessorsembættið í ensku.

Greinargerð um stofnun prófessorsembættis í Norðurlandamálum, einkum dönsku.

Í óskum Háskólans um fjölgun prófessora næsta áratuginn er gert ráð fyrir, að ofangreint prófessorsembætti verði stofnað á árinu 1966. Á það skal raunar benti, að á árinu 1962 var sett fram tillaga frá Háskólans hendi um stofnun slíks embættis, sbr. bréf Háskólans til menntamálaráðherra frá 26. marz 1962.

Athuganir, sem gerðar hafa verið á fjölda þeirra, er ljúka B.A.-prófum í einstökum námsgreinum, leiddu í ljós, að flestir prófmenn velja ensku, en þá sagnfræði og síðan dönsku, og var hún langt á undan sænsku og norsku. Kennslunni í dönsku hefir verið haldið uppi af sendikennara, og s. l. þrjú ár hefir verið honum til aðstoðar einn stundakennari (4 stundir á viku). Þessi tilhögun er með öllu ófullnægjandi. Danska er fyrsta erlenda tungumálið, sem íslenzkir nemendur taka að fást við í skólum hér, og þarf að vanda sérstaklega mikið til þeirrar kennslu. Mikill hörgull er á dönskukennurum, og þarf að bæta þá kennslu til mikilla muna. Það verður ekki gert með öðrum virkari hætti en að bæta kennsluaðstöðuna hér við Háskólann. Þarf nauðsynlega að fást prófessor í þessari grein, sem skipuleggi dönskukennsluna, og auk þess er ætlunin að hann skipuleggi með nokkrum hætti og samræmi kennsluna í Norðurlandamálum í heild sinni, en auk dönsku er kennslu haldið uppi í norsku og sænsku, og vonandi verður finnsku bætt við á næstunni. Er raunar enn brýnni þörf á prófessorsembætti í Norðurlandamálum eftir staðfestingu nýrrar reglugerðar um nám til B.A.-prófa s. l. sumar, þar sem stefnt er að auknu kennslumagni í hverri einstakri grein og vandaðri kennslu. Enn fremur ber að benda á, að stofnað er til meistaraþrófs í Norðurlandamálum með hinni nýju reglugerð.

Vegna hinna nánu og ánægjulegu tengsla við Norðurlönd er það enn fremur sérstakt keppikefli fyrir Háskólann, að til prófessorsembættis verði stofnað í Norðurlandamálum, og raunar er það metnaðar- og menningarmál þjóðarinnar allrar.

Um almenna fyrirvara heimspekideildar út af skipun í embætti þetta vísast til greinargerðar um prófessorsembætti í ensku.

Fylgiskjal.

Áætlun um kennaraþörf í deildum Háskólans næsta áratuginn og tillögur Háskólans um ný prófessorsembætti.

I.

Sumarið 1961 samþykkti háskólaráð að tillögu rektors að beita sér fyrir breyttum vinnubrögðum um ákvarðanir á óskum Háskólans um nýja kennara. Fram til þessa hefir Háskólinn yfirleitt gert tillögur til menntamálaráðherra um eitt embætti út af fyrir sig án þess að heildstæðar tillögur hafi legið fyrir um þróun deildarinnar, sem í hlut hefir átt, eða annarra deilda. Háskólaráð taldi í umræðum, sem að framan greinir, að hér væri breytinga þörf — nauðsynlegt væri, að deildirnar og síðar háskólaráð framkvæmdu nákvæmar rannsóknir á þörfum deilda á auknum mannafla um nokkurt árabíl fram í tímann, og var talið rétt að miða í þessum áfanga við 10 ár. Deildirnar voru einnig beðnar að hafa hlífðsjón af breyttum kennsluháttum, sem í vændum væru hið næsta.

Háskóladeildir skiluðu tillögum sínum og greinargerðum í janúar 1963. Þessi mál hafa síðan verið til meðferðar hjá háskólaráði og háskólayfirvöldum, og hefir það m. a. tafið fyrir úrlausn máls, að í ýmsum deildum eru til meðferðar tillögur um breytta kennslutilhögun. Sérstök nefnd, er háskólaráð kaus, hefir síðan fjallað um sjónarmið og óskir deilda og gert tillögur til háskólaráðs.

II.

Óskir og tillögur háskóladeilda um fjölgun kennara.

Í framangreindum tillögum deilda er yfirleitt miðað við kennslugreinir þær, er nú er fengizt við, en þær lúta lítt að öðrum greinum. Tillögur verkfræðideilda víkja þó frá þessari höfuðreglu, en þar er gerð grein fyrir hugmyndum deildarinnar um verulega aukningu á kennslusviði hennar. Nefnd sú, er undirbjó tillögur til háskólaráðs, taldi ekki fært að svo stöddu, meðan það mál væri enn á undirbúningsstigi, að fella tillögur deildarinnar inn í ætlun þá um fjölgun prófessora, sem síðar verður vikið að. Hinsvegar verður að leggja áherzlu á þessar tillögur verkfræðideilda og áskilja deildinni rétt til að koma sínum tillögum á framfæri, þegar menntamálaráðherra hefir tekið afstöðu til sjónarmiða deildarinnar í þessu efni.

Enn skal þess getið, að viðskiptadeild hefir ekki að svo stöddu óskað fjölgunar á prófessorum, með því að kennslutilhögun deildarinnar er í deigluinni, en þeirri deild er einnig áskilinn réttur til að koma á framfæri síðar tillögum um fjölgun prófessora.

Um það, í hvaða röð óskað er, að tillögur um einstök embætti komi til framkvæmda, gegnir nokkuð mismunandi máli — sumar deildirnar hafa greint þetta í tillögum sínum, aðrar ekki ákveðið a. m. k. Í skrá þeirri um ný prófessorsembætti, sem óskað er eftir og hér síðar greinir, eru embættin nefnd á nafn í öllum deildum nema læknadeild, þar sem embættin eru aðeins nefnd með tölum, en af tillögum deilda er auðvelt að ráða, hver þessi embætti eru.

III.

Afgreiðsla Háskólans á tillögum deilda.

Nefnd sú, er fjallað hefir um mál þetta að ósk háskólaráðs og skipað var prófessorunum Davíð Davíðssyni, dr. Hreini Benediktssyni (fyrst í stað þó dr. Matthíasi Jónassyni), Magnúsi Magnússyni og rektor, taldi heppilegust vinnubrögð að setja sérstaklega fram við menntamálaráðherra óskir um prófessorsembætti, enda hafa þau þá sérstöðu, að sérstakrar lagaheimildir þarf til stofnunar hvers einstaks embættis, en síðar er ætlunin að vinna úr óskum deilda um aðra kennara en prófessora, og verður þeim óskum komið á framfæri á sínum tíma við ráðherra. Féllst háskólaráð á þau vinnubrögð.

Rétt þykir þó að setja fram í eftirfarandi skrá óskir deilda um kennarafjölgun í heild sinni, og er sú skrá samtak úr fjölrítuðu greinargerðinni.

Tillögur deildanna um kennarafjölgun n.k. áratug sundurliðast svo:

1. Prófessorsembætti:

Guðfræðideild	2
Læknadeild	7
Lagadeild	3
Viðskiptadeild	1
Heimspékideild	4
Verkfræðideild	15

Alls: 32

2. Aðrir kennarar:

Læknadeild	33
Lagadeild 3 dós.	
2 lekt.	5
Viðskiptadeild 2 dós.	2
Heimspékideild 4 dós.	4
Verkfræðideild	5

Alls: 49

Kennarastörfin, sem tillögur lúta að, eru því alls $32 + 49 = 81$.

Samkvæmt þeim vinnubrögðum, sem lýst er að framan, er þess óskað, að tilögum deilda um fjölgun prófessora verði fullnægt í þeirri röð og á því árabili, er greinir í eftirfarandi skrá.

Skrá um lögfestingu prófessorsembætta 1964—1973.

Ár	Guðfræðideild	Læknadeild	Lagadeild	Viðskiptadeild	Heimspékideild
1964		L1	Réttarsaga		Enska
1965					Mannkynssaga
1966		L2		Þjóðhagfr.	Danska
1967			Refsiréttur		
1968	Kennimannl. guðfr.				
1969		L3			
1970			Fjármunaréttur		
1971					Alm. heimspeki
1972		L4			
1973	Siðfræði				

Við þessa skrá er gerður sá fyrirvari, að tvö kennarastörf í læknadeild, dósentstörfin í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum svo og röntgenfræðum, sem læknadeild óskar að breytt sé í prófessorsembætti, hafa hér þá sérstöðu, að því er háskólayfirvöldum hefir skilizt, að lögfesting þeirra sem prófessorsembætta muni ekki hafa nein aukin útgjöld fyrir ríkissjóð í för með sér, þar eð dósentarnir muni taka sambærileg laun á við þá prófessora, sem eru yfirlæknar. Hefir meiri hluti þeirrar nefndar, er um málið fjallaði, hallazt að því, að þessi tvö embætti, er læknadeild óskar eftir, verði ekki á 10 ára áætlun um lögleiðslu nýrra prófessorsembætta, en minni hlutinn taldi, að svo ætti að vera.

Sú nýbreytni í vinnubrögðum, sem hér er brotið upp á, verður að teljast mjög mikilvæg, og er hún í samræmi við þau vinnubrögð, sem rutt hafa sér til rúms á Norðurlöndum. Þau vinnubrögð tryggja fyllri könnun á heildarþörfum Háskólans en áður tíðkuðust, og málin ættu að liggja skýrar fyrir fjárveitingarvaldinu.

Um einstök embætti leyfi ég mér að vekja athygli á, að Háskólinn hefir áður óskað eftir lögfestingu prófessorsembætta í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum og lífeðlisfræði, sbr. bréf Háskólans til Menntamálaráðuneytisins dags. 26. marz 1962, svo og prófessorsembætta í enskri tungu og bókmenntum, í almennri sagnfræði og danskri tungu og bókmenntum, sbr. bréf Háskólans sama dag. Í samþykkt háskólaráðs frá 22. marz 1962 kom fram, að þrátt fyrir stuðning við tilmæli um þessi embætti taldi háskólaráð sig hafa óbundnar hendur um mat á heildartillögum deilda um prófessorsembætti, þegar þær bærust. Ég leyfi mér enn fremur að vekja athygli á bréfi Háskólans til hæstvirts ráðuneytis frá 6. ágúst 1962, þar sem lagt var til, að stofnað væri til kennslu í náttúruvísindum. Vonandi verður fljótlega efnt til þeirrar kennslu, en lögð áherzla á, að kennaraembætta í þeirri grein er ekki getið í áætluninni.

Til viðbótar þeim fyrirvörum, er að framan greinir við óskaskrá um prófessorsembætti, skal ég leyfa mér að vekja athygli á einu embætti, er hefir verulega sérstöðu, dósentstarfi í lyfjafræði lyfsala. Hefur sá dósent verið talinn eiga að njóta sambærilegra kjara og dósentar eftir eldra fyrirkomulagi. Tekur dósentinn nú laun í 24. flokki, og er þá lítill munur á honum og prófessor. Kemur vissulega mjög til mála að breyta þessu embætti í prófessorsembætti, en þó svo að það sé utan tíu ára áætlunarinnar.

IV.

Fjölgun stúdenta.

Eftirfarandi skrá veitir yfirlit yfir fjölgun stúdenta Háskólans frá upphafi, og er hún miðuð við deildir, svo og heildina:

Ár	Guðfr.	Læknadeild	Lögfr.	Viðskiptafr.	Heimsp.	Verkfr.	Alls
1911—12	5	23	17	—	—	—	45
1914—15	21	30	11	—	—	—	62
1919—20	20	33	26	—	5	—	84
1924—25	27	44	31	—	18	—	120
1929—30	16	69	37	—	19	—	141
1934—35	15	68	59	—	25	—	167
1939—40	18	92	83	—	34	—	227
1940—41	23	93	110	—	45	9	280
1944—45	21	119	106	36	76	37	395
1949—50	32	186	130	44	131	42	565
1954—55	40	232	93	98	246	35	744
1959—60	25	216	130	76	278	26	751
1962—63	23	213	150	110	335	47	878

Í vændum er stórfelld fjölgun á stúdentum Háskólans. Er það stórum mikilvægt að reyna að gera sér grein fyrir þeirri þróun, þegar framtíðarmálefni Háskólans eru metin, svo sem mál það, sem hér er lagt fyrir.

Samkvæmt ósk minni hefur Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, gert áætlun um fjölgun stúdenta næstu tvo áratuginna eftir líkindareikningi. Hefur þar verið miðað við fjölda nemenda í fjórum bekkjum menntaskóla, að því er næstu árin varðar, en ella verið miðað við áætlaða fólksfjölgun og mat á auknu aðstreymi að menntaskólum o. fl.

Niðurstaðan á rannsókn Guðjóns Hansens bendir til, að stúdentatala Háskólans þrefaldist á næstu tveimur áratugum. Hún gæti þó hækkað til muna fram úr því af ýmsum ástæðum; líklegt er t. d., að nýjar kennslugreinir verði teknar upp, svo sem náttúruvísindi og ýmsar greinir félagsvísinda, þ. á m. sósiólógía og þjóðhagfræði án tengsla við viðskiptafræði, ný tungumál, fornleifafræði, húsagerðarlist og ýmsar tæknigreinir. Enn fremur er líklegt, að námsefni verði aukið í þeim greinum, sem nú eru kenndar, einkum í verkfræði. Hér má og minna á, að æskilegt væri að háskóladeildir í heild sinni gætu aukið við núverandi starfssvið sitt, að því er varðar kennslu og námskeið fyrir kandidata, bæði almennt í því skyni að rifja upp og ræða um ný viðhorf í fræðigreinum, svo og fyrir kandidata, sem leggja vilja stund á framhaldsnám og skrifa ritgerðir. Þá er enn á það að líta, að óvissa ríkir um aðstreymið að menntaskólum, en við Guðjón Hansen höfum, að því er forsendur varðar fyrir reikningum hans, haft verulega til hliðsjónar erlendar athuganir sambærilegar, einkum norskar, enskar og þýzkar. Geti má þess t. d., að nú þegar nemur tala brautskráðra nemenda frá menntaskólum í Noregi yfir 16% af 19 ára aldursflokknum og hefur hækkað til muna meira en gert var ráð fyrir í hinum viðtæku áætlunum Norðmanna 1957. Yfirleitt sýnist reynslan annars staðar, þar sem slíkar forspár hafa verið gerðar, benda til, að þær hafi verið fremur of lágar en of háar.

Stúdentafjöldinn er vissulega eitt af þeim atriðum, sem skiptir höfuðmáli, þegar kanna á þörfina á auknum fjölda kennara næstu árin. Er það svo augljóst, að það þarf ekki frekari umræðu.

V.

Fjöldi kandidate frá Háskóla Íslands undanfarin ár.

Til dæmis eru valin árin 1940, 1945, 1950, 1955 og 1959—63. Sýnir sú skrá talsvert aukinn fjölda kandidate.

Skrá um tölu kandidate frá Háskóla Íslands 1940—1964.

	1940	1945	1950	1955	1959	1960	1961	1962	1963	1964
Guðfræðideild	3	5	5	4	5	3	3	3	5	1
Læknisfræði	7	5	8	15	16	16	24	26	18	19
Tannlækningar	—	—	—	5	1	3	4	—	1	6
Lyfjafraði lyfsala	—	—	—	—	—	2	—	—	—	3
Lögfræði	4	10	11	9	13	10	8	10	14	9
Viðskiptafræði	—	8	8	19	6	8	8	4	9	11
Íslensk fræði	1	4	4	5	4	2	2	1	2	2
Nám til B.A.-prófa	—	4	1	9	6	6	10	14	9	11
Íslenska f/erlenda stúd.	—	—	—	1	1	2	2	2	1	1
Verkfræðideild	—	—	10	8	9	11	6	5	12	11
Alls:	15	36	47	75	61	63	67	65	71	74

VI.

Þróun Háskólans undanfarna áratugi.

Rétt þykir hér að gera í stuttu máli grein fyrir, hve starfsemi skólans hefur aukizt síðustu áratuginu:

Um fjölgun kennslugreina skal minnt á eftirfarandi atriði:

1. Haustið 1940 var hafin kennsla í verkfræði, og hefur deildin brautskráð 7 kandidate og 183 fyrrahlutaprófsmenn.
2. Haustið 1941 hófst kennsla í viðskiptafræðum. Hefur deildin nú brautskráð 179 kandidate.
3. Haustið 1942 hófst kennsla til B.A.-prófa, og hafa alls 128 stúdentar lokið því prófi, en kennslusvið hefur aukizt til muna smám saman.
4. Haustið 1945 hófst kennsla í tannlækningum, og hafa alls 50 lokið fullnaðarprófi í tannlækningum.
5. Haustið 1957 hófst kennsla í lyfjafraði lyfsala, og hafa alls 5 lokið exam. pharm.-prófi héðan.

Þá er þess að geta, að kennslutilhögun hefur verið gagnbreytt í flestum kennslugreinum, og hefur kennslan orðið fjölskrúðugri en áður.

Upphaflega voru próffessorar við Háskólann 9, en eru nú 36, og öðrum kennurum hefur einnig fjölgað til mikilla muna.

VII.

Viðmiðun við erlenda háskóla.

Vissulega er mikilvægt að leita samanburðar á fjölda kennara við sambærilega norræna háskóla. Sá samanburður er þó ekki jafn auðveldur og ætla má í fyrstu. Kemur þar bæði til, að aðeins við einn háskóla (Ábo Akadémi) eru stúdentar jafn fáir og hér, og eins hitt, að við sama háskólann eru ekki allar þær deildir, sem hér eru. Helzt þótti fært að velja til viðmiðunar Árósháskóla. Stúdentar eru þar u. þ. b. 3500, en kennslusviðið er talsvert víðtækara en hér, sbr. t. d. náttúruvísindadeildina. Samkvæmt skýrslum er kennaratalan eftir deildum sú, er hér segir:

	Guðfræði- deild	Lækna- deild	Laga- og viðsk.deild	Heimspéki- deild	Náttúru- vísindadeild
Prófessorar	6	26	15	25	17
Dósentar	—	1	—	1	—
Deildarstjórar	—	2	—	1	3
Lektorar	2	25	8	17	23
Amanuensar	4	15	6	12	23
Instruktórar	—	2	—	—	43
Aðstoðarkennarar	—	13	—	30	—
Adjunktar	2	1	1	3	—
Aðstoðarmenn	2	17	—	—	—
Tutorar	—	3	12	—	—
Gestafyrirlesarar	2	—	—	—	—

Alls: 89 prófessorar, 2 dósentar, 6 deildarstjórar, 75 lektorar, 60 amanuensar, 45 instruktórar, 43 aðstoðarkennarar, 7 adjunktar, 19 aðstoðarmenn, 15 tutorar og 2 gestafyrirlesarar.

Þá hefur einnig verið tekin saman skrá um tölu kennara við Háskólann í Bergen. Stúdentar í Bergen eru nú röklega 2000. Vakin er athygli á, að ekki eru allar þær deildir í Bergen, sem hér eru (sbr. t. d. lagadeild, viðskiptadeild og guðfræðideild). Samtak úr skýrslunni sýnir þennan fjölda kennara:

	Prófessorar	Dósentar	Lektorar	Stipendíatar	Prosektorar, aðrir kenn.
Heimspékideild	14	5	22	8	9
Læknadeild	21	2	—	—	18
Stærðfræði- og náttúruvísindad. . .	15	10	17	4	7
Alls:	50	17	39	12	34

Örðugt hefur verið að semja þessi yfirlit upp úr fyrirlestraskrá, og má vera, að einhverju skeiki.

Þessar upplýsingar, sem eru frá háskólum, að nokkru leyti sambærilegum við Háskólann hér, sbr. þó m. a. fyrrgreindan fyrirvara um Bergen, sýna, að tala kennara er hér miklu lægri en við þessa skóla. Einnig má vinna úr skýrslunum mikla fræðslu um hlutfallið, sem telja má hæfilegt milli prófessora annars vegar og annarra flokka kennara hins vegar. Verður komið nánar að því atriði, er settar verða fram óskir Háskólans um aðra kennara en prófessora.

VIII.

Nokkur atriði, er máli skipta við mat á tillögum háskóladeilda.

Hér kemur m. a. til athugunar, hve ör kennarafjölgun hefur orðið í deildum að undanfögnu, hvers eðlis fræðigreinin sé, þ. e. hversu miklar vísindalegar framfarir eigi sér stað í þeim, tillitið til fæðar eða fjölda starfsmanna nú, áætlana um eflingu kennslugreina, þ. á m. rannsóknarstarfsemi í grein. Sú deild Háskólans, sem langþætt hefur orðið til kennara að undanfögnu, er tvímælalaust læknadeildin. Er þar t. d. mun fleiri dósentar og lektorar en í öðrum deildum samanlagt. Næst koma verkfræðideild og heimspékideild. Allt eru þetta stórar deildir, er spanna yfir vítt svið, og ekki sízt í læknisfræði og verkfræði eru órar breytingar og vísindaleg framþróun geysimikil. Guðfræðideild hefur óneitanlega nokkra sérstöðu vegna fæðar stúdenta, en félagsvísindadeildirnar hafa orðið nokkuð aftur úr með kennarafjölgun, ekki sízt lagadeildin. — Þessi atriði hafa m. a. ráðið röðun á tilmælum deilda.

Það skal tekið fram, að háskólaráð stendur óskipt að þessum tillögum.

Undanfarna áratugi hefur Háskólinn fyrst og fremst verið kennslustofnun, en samkv. 1. gr. háskólalaga og viðurkenndum venjum um verkefni háskóla, ber Háskólanum einnig að vera visindaleg rannsóknarstofnun. Þessi þáttur starfsemi skólans hlýtur að fara ört vaxandi næstu ár og áratugi í tengslum við bættu rannsóknar- aðstöðu (institut). Í flestum deildum skólans er kennsluskylda prófessora svo mikil, að þeir hafa litil tæk á að sinna rannsóknarstörfum. Með áætlun um fjölgun kennara er m. a. að því stefnt að bæta aðstöðuna til rannsókna. Á hitt ber einnig að leggja áherzlu, að í ýmsum deildum hagar svo til, að kennarafæð veldur því, að stúdentar fá ekki jafn hraða yfirferð yfir námsefni og þörf er á, og tefur það beinlínis fyrir þeim í náminu.

Þess skal minnzt með þakklæti, að veruleg aukning hefir orðið á prófessors-embættum og tölu annarra kennara, einkum síðasta áratug. En á það verður seint lögð nægilega mikil áherzla, að hvarvetna í nágrannalöndunum hefir átt sér stað stórkostleg efling á háskólum og háskólastofnunum, og þarf að koma til stóráttak hér á landi, svo að árangri verði náð, sem sambærilegur sé við nágrannalöndin. Óskir Háskólans eru hófsamlegar, og er þar í hvívetna tekið tillit til afkomu íslenzks þjóðfélags og þjóðarbúskapar. Er það því von Háskólans, að hæstvirt ríkisstjórn sjái sér fært að marka framtíðarstefnu í þróunarmálum Háskólans í samræmi við framangreind tilmæli hans.

Júní 1964.

Ármann Snævarr, rektor.